

**REGLUGERÐ**  
**um (10.) breytingu á reglugerð nr. 745/2016**  
**um vigtun og skráningu sjávarafla.**

1. gr.

3. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Vigtunarleyfishafi skal ávallt beita sömu aðferð við vigtun úrtaks. Það á þó ekki við um fiskmarkaði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. júní 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

---

*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*

---

**B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2021**